

**Fundargerð 5. fundar
bæjarráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
miðvikudaginn 22. ágúst 2018 22. ágúst 2018 , kl. 11:00.**

Fundinn sátu:

Ólafur Þór Ólafsson formaður, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir varaformaður, Magnús Sigfús Magnússon aðalmaður, Daði Bergþórsson áheyrnarfulltrúi, Magnús Stefánsson bæjarstjóri og Bryndís Gunnlaugsdóttir embættismaður.

Fundargerð ritaði: Magnús Stefánsson, bæjarstjóri.

1. Leikskóli: Stofnun ungbarnaleikskóla - 1807094

Umræðu um málið fram haldið áfram frá 3. fundi bæjarráðs þann 25. júlí sl.
Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.

2. Bílastæðasjóður: Samningur við ISAVIA - 1808022

Samningur við Isavia gildir til loka októbermánaðar.

Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.

3. Tölvumál: Samningur - 1807070

Lögð fram drög að samningi við Premis ehf. um tölvuþjónustu. Samningurinn gildi til loka árs 2019.

Bæjarráð samþykkir samninginn og vísar honum til bæjarstjórnar til staðfestingar.

4. Sameining: skuldajöfnunarframlag Jöfnunarsjóðs - 1808013

Bréf Jöfnunarsjóðs dags. 7. ágúst þar sem fram kemur að sveitarfélagið fái skuldajöfnunarframlag frá sjóðnum að fjárhæð kr. 300 milljónir, vegna sameiningar sveitarfélaganna.

Bréfið lagt fram til kynningar. Bæjarstjóra falið að leggja fyrir bæjarráð drög að greiðsluáætlun og yfirlit yfir lánasamninga.

5. Fjölmiðlavakt: Samningur við Creditinfo um fjölmiðlavakt. - 1807074

Samþykkt að ganga frá samningi um þjónustuna til eins árs, fyrir þá bæjarfulltrúa sem þess óska.

6. Íbúasýn: Uppfærslusamningur - 1808007

Nýr samningur við Ferli ehf. um Íbúasýn.

Lagt fram til kynningar.

7. Styrkbeiðni: Ráðstefna Bláa hersins í september 2018 - 1808042

Blái herinn óskar eftir afnotum af Samkomuhúsinu í Sandgerði vegna ráðstefnu dagana 1. og 2. september 2018.

Bæjarráð samþykkir að Blái herinn fái gjaldfrjáls afnot af samkomuhúsinu, sbr. erindið.

5. fundur bæjarráðs
22.08.2018

8. Rafrænir reikningar: Móttaka og sending rafrænna reikninga - 1807099

Samningur um móttöku og sendingu rafrænna reikninga.

Lagt fram til kynningar.

9. Kortasjá og kortagrunnur: Samningur við Loftmyndir - 1807100

Samningur um kortasjá, kortagrunn og uppfærslu.

Lagt fram til kynningar.

10. Bókasafn: samningur um bókasafnkerfi - 1807101

Samningur um þjónustu vegna bókasafnskerfis.

Lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 13:00.

Ólafur Þór Ólafsson

Hólmfríður Skarphéðinsdóttir

Magnús Sigfús Magnússon

Daði Bergþórsson

Magnús Stefánsson

Bryndís Gunnlaugsdóttir